

þrotið og heldur óhagstæðrar afurðasölu á árinu 1930, virðist eigi neitt verulegt eða sérstakt atvik benda til þess, þegar viðskipti hans eða félagsins yfirhöfuð eru athuguð í heild sinni, hvorki að félaginu eða framkvæmdarstjórum þess, hafi verið kunnugt um það að svo hafi verið ástatt með gjaldþrota, eins og sannazt hefir eftirá, né heldur að hann með ráðstöfunum sínum á hérumræddu tímabili, hafi að yfirlögðu ráði ætlað að ívilna stefndum á kostnað annara lánardrottna gjaldþrota, þótt honum sjálfum hafi hlotið að vera það nokkurnvegin vitanlegt eða átt að vera það, að hann eigi gat orðið staðið í skilum yfirhöfuð, sbr. þó mjög ófullkomið og ábótavant bókhald hans, heldur hafi hér verið um venjuleg og jafnvel eðlileg viðskipti þeirra á milli að ræða, eða samskonar og undanfarin ár, áður en gjaldþrot gat til tals komið, eða það af nokkrum fyrirsjáanlegt.

Ber því að sýkna hið stefnda hlutafélag í máli þessu, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Mánudaginn 27. apríl 1932.

Nr. 30/1931. **Sigurgeir Guðjónsson**

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

Ingibjörgu Stefánsdóttur og gagnsök

(Bjarni P. Johnson).

Ómerkingardómur.

Dómur einkalögreluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. marz 1931: Vinni stúlkan Ingibjörg Stefánsdóttir, nú til heimilis á Bústöðum í Reykjavík, eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að Sigurgeir Guðjónsson, vinnumaður, til heimilis á Hliði í Grindavík, Gullbringusýslu, sé eða geti verið faðir að barni hennar, er hún ól 8. marz 1929, og í skírninni hlaut nafnið Fjóla, og enginn annar, ber að telja velnefndan mann föður að því, og hann skyldan til að greiða meðlag með barni þessu samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og greiði þá

barnsfaðir allan af málinu löglega leiðandi kostnað, eins og það eigi væri gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talmanns barnsmóður, lögfræðings Magnúsar Thorlacius í Reykjavík, er ákveðst 40 krónur. — Eiðsfrestur telst 1 mánuður frá lögbirtingu dóms þessa, svo er og um fullnæging dómsins að öðru leyti.

Treystist kærandi eigi til að vinna eið þennan, skal kærður vera sýkn af kærum og kröfum í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hafa báðir aðiljar skotið til hæstaréttar, aðaláfrýjandi með stefnu, útgefinni 16. apríl 1931 og gagnáfrýjanda með stefnu, útg. 17. s. m. og hefir gagnáfrýjandi fengið gjafsókn hér fyrir réttinum og sér skipaðan talsmann.

Af skjölum málsins verður það eigi séð, að sátta hafi verið leitað með aðiljum og voru þau þó bæði samtímis sjálf mætt í réttarhöldunum 15. og 17. jan. 1931 í lögreglurétti Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Auk þess sem gagnáfrýjandi hefir lýst aðaláfrýjanda föður að barni því, sem hún ól 8. marz 1929, þá hefir hún kannazt við það í málinu, að hafa átt holdlegar samfarir við Ólaf nokkurn Einarsson, hinn 21. júní 1928 og því á þeim tíma, er barnið gæti verið getið á.

Vegna þessa ber héraðsdómaranum samkv. 13. gr. 1. nr. 46, 27. júní 1921, að stefna Ólafi Einarssyni, til að svara til sakar í málinu ásamt aðaláfrýjanda.

Af framangreindum ástæðum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr., en málflutnings-

laun hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda í hæstarétti, 40 kr., greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu heim aftur í hérað til löglegrar meðferðar og dómsáleggingar.

Skipuðum talsmanni gagnáfrýjanda, Bjarna Þ. Johnson, málaflutningsmanni, bera 40 kr. í málflutningslaun af almannafé.

Gagnáfrýjandi, Ingibjörg Stefánsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, Sigurgeir Guðjónssyni, 100 kr. í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1932.

Nr. 59/1931. **Pétur M. Bjarnarson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, f. h. Frihavnens Kaffe-kompagni (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur vegna löghalds.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1930: Stefndur, Pétur M. Bjarnarson, greiði stefnendunum, Jóni Ásbjörnssyni og Sveinbirni Jónssyni, hæstaréttarmálaflutningsmönnum, f. h. firmans Frihavnens Kaffe-kompagni, d. kr. 5851,99 með 6% ársvöxtum af d. kr. 5708,35 frá 1. júní 1926 til 3. jan. 1929 og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádrægnum ísl. kr. 3349,03 með 6% ársvöxtum af kr. 1490,87 frá 12. júní til 4. dez. 1928